

## Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

**2. fundur, haldinn í sal A í byggingu Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, þriðjudaginn 27. ágúst 2019, kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:** Kristinn Arason, Kristín Ívarsdóttir, Hulda Árnadóttir, Sólveig Jónsdóttir, Harpa Þorláksdóttir.

**Boðuð forföll:** Arnar Ólafsson, Þór Ólafsson og Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir.

**Fundargerð ritaði:** Hulda Árnadóttir.

**1. Leyfiskerfið – Drög að uppfærðri reglugerð fyrir komandi keppnistímabil lögð fram**

Umræður. Ákveðið að senda bréf á öll aðildarfélög sambandsins með útskýringum á leyfiskerfinu, grundvelli þess og ráðstöfun leyfisgjalda. Enn fremur var ákveðið að tilkynna um hækkun leyfisgjalds frá og með næsta hausti vegna iðgjalda af váttryggingum sem ráðgert er að taki gildi þá sem og almennrar verðlagsþróunar. Í umræddu bréfi verði aukinheldur áréttað mikilvægi þess fyrir fimleikahreyfinguna að skráningar í leyfiskerfið séu réttar.

**2. Félagaskiptareglur – Uppfærðar reglur lagðar fram**

Umræður. Ákveðið að hækka félagaskiptagjald í 3500 kr. vegna almennrar verðlagsþróunar.

Uppfærðar félagaskiptareglur samþykktar. Ákveðið að senda þær til laganefndar til yfirferðar.

**3. Félagaskiptaeyðublað – Uppfært eyðublað lagt fram**

Umræður.

Uppfært eyðublað samþykkt. Ákveðið að senda það til laganefndar til yfirferðar.

**4. Alþjóðlegir dómara – Viðauki I við dómarasamning FSÍ lagður fram**

Umræður.

Ofangreindur viðauki samþykktur. Ákveðið að senda hann til laganefndar til yfirferðar.





**5. Dómarasamningur fyrir 2019-2020 – Samningur lagður fram**

Umræður.

Samningur samþykktur. Ákveðið að senda hann til laganefndar til yfirferðar.

**6. Þinggerð 2019 – Drög lögð fram**

Umræður.

Drög samþykkt. Framkvæmdastjóri mun fullvinna þau og senda þingforseta til yfirlstrar og athugasemda.

**7. Keppnisreglur í hóp fimleikum – Til upplýsinga**

**8. Kröfur móta í hóp fimleikum – Til upplýsinga**

**9. Fræðsludagskrá 2019-2020 – Til upplýsinga**

**10. Fræðsludagur FSÍ – 31. ágúst 2019 – Til upplýsinga**

**11. Mótaskrá 2019-2020 – Drög lögð fram til upplýsinga**

Umræður. Ákveðið að skoða hvort mögulegt sé að hafa liðakeppni á þrepamótum.

**12. NEM og NM – Alþjóðlegt mótahald 2019-2020 – Til upplýsinga**

**13. Eurogym – Staða mála – Til upplýsinga**

**14. Nýir starfsmenn – Staða mála – Til upplýsinga**

**15. Önnur mál**

Fundi slitið kl. 19:00

3. fundur stjórnar verður haldinn á skrifstofu FSÍ, þriðjudaginn 17. september 2018, kl. 12:00.

